
Má bjóða þér spennandi sumarstarf hjá SASS?

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) auglýsa spennandi sumarstarf fyrir námsmenn, starf sem veitir góða innsýn í sunnlenskt samfélag.

Starfið er í samræmi við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn. Skilyrði er að námsmaðurinn sé á milli anna, þ.e. hafi stundað nám á vормisseri, sé skráður í nám á haustmíssi og geti framvísað staðfestingu þar um. Ráðningartími er tveir og hálfur mánuður á tímabilinu 1. júní – 15. september 2021. Námsmaðurinn þarf að vera að lágmarki 20 ára á árinu.

Verkefni sumarstarfsmannsins snýr að átaksverkefni á kortlagningu atvinnulífs á Suðurlandi. Um er að ræða vinnu við verkefnið **Invest South** sem er upplýsingavefur fyrir fjárfesta á Suðurlandi. Vefsvæðið er í vinnslu. Vinnan felst í greiningu, samantekt og framsetningu á texta, gögnum og myndum sem tengjast verkefninu. Starfið verður unnið undir handleiðslu sérfræðinga sem munu veita góðan stuðning og leiðsögn á meðan á verkefnatímanum stendur.

Leitað er eftir námsmanni sem:

- Stundar nám sem styður við verkefnið
- Er góður textasmiður og með ritfærni í íslensku og á ensku
- Getur tamið sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hefur þann kost að geta sett flókna hluti í einfalt samhengi

Starfsstöð er á Suðurlandi.

Nánari upplýsingar veita Bjarni Guðmundsson,
bjarni@sass.is og Þórður Freyr Sigurðsson,
thordur@sass.is.

Tekið er á móti umsóknum, með ferilskrá og kynningarbréfi, til og með 25. maí n.k. og skal senda þær á netfangið sass@sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA